

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Matthías Annisius hefur lengi starfað hjá Vísi hf. á Húsavík, áður Fiskiðjusamlagi Húsavíkur. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson þegar hann heimsótti starfsmenn Vísis fyrir nokkrum dögum.



Kjartan Trausta og Zbigniew Styrlyski starfa hjá Norðlenska á Húsavík. Þrátt fyrir að þeir starfi í kuldalegu umhverfi láta þeir það ekki á sig fá, heldur klæða sig eftir aðstæðum eins og samnir verkamenn.



Unglingalandsmót UMFÍ sem baldið var á Laugum í Reykjadal í sumar var öllum til mikils sóma, ekki síst heimamönnum sem komu að framkvæmd mótisins. Það var ekki bara að keppt væri um verðlaun á mótinu heldur þurftu stuðningsmenn að bætja sína menn til dáða og vera vel merktir. Hér má sjá Violetu Heiðbrá mála Guðlaugu Þorsteins svo sjáist greinilega með bvaða liði bún heldur.



Söfnun heimilda um fiskvinnslu

Í október 2006 sendi Þjóðminjasafn Íslands út spurningaskrá um vinnu í fiski til núverandi og fyrrverandi fiskverkafélks. Þar sem upplýsingar hafa aðeins borist frá hluta þeirra sem fengu skrána í hendur skal tekið fram að ennþá er tími til að skila inn svörum. Þeir sem ekki hafa fengið spurningaskrá geta fengið hana senda með því að hringja í síma 530 2200. Með því að svara hjálpið þið Þjóðminjasafninu við að varðveita mikilvæga þekkingu sem annars er hætt við að færi forgörðum, en hingað til hefur takmörkuðum heimildum verið safnað um fiskvinnslu.

Þjóðminjasafn Íslands

Erlendum ríkisborgurum fjölgar ört

Á undanföllum misserum hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað verulega á félagssvæði stéttarfélaganna og þá sérstaklega á Húsavík. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofunni voru erlendir ríkisborgarar í Norðurþingi 108 í lok árs 2006 og hafði fjölgað um ríflega 60% á tveimur árum en alls eru 150 erlendir ríkisborgarar með lögheimili á öllu félagssvæðinu. Uppistaðan er fólk frá Austur-Evrópu en alls eru einstaklingar af 20 þjóðernum skráðir með búsetu á svæðinu. Flestir koma frá Póllandi eða 66 og þar af eru 56 í Norðurþingi, flestir af þeim starfa í fiskvinnslu. Næstir koma Eistlendingar sem eru 16 en athygli vekur að allir búa þeir utan Norðurþings, 7 búa í Skútustaða-

hreppi og 9 í Þingeyjarsveit. 12 eru þýskir ríkisborgarar, 10 frá Bretlandi, 9 Danir og 37 eru af öðrum þjóðernum. Ekki er þá allt upp talið því að einhver fjöldi erlendra ríkisborgara býr og starfar á svæðinu en er ekki með skráð lögheimili hér.

Til viðbótar áætla Skrifstofa stéttarfélaganna að um 200 erlendir starfsmenn komi til starfa á félagssvæðinu á sumrin og fram á haust. Þar munar mestu um fólk sem kemur tímabundið til starfa við ferðaþjónustu og sauðfjárlátrun. Þá má geta þess að fram að jólum stunduðu 64 útlendingar íslensku námskeið á vegum stéttarfélaganna og samstarfsaðila og búast má við að annar eins fjöldi stundi nám nú á vormánuðum.



Um 150 erlendir ríkisborgarar voru með lögheimili 1. desember s.l. á félagssvæði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Af þeim starfar um þriðjungur í fiskvinnslu. Reikna má með að auk þessa bóps komi búið í 200 erlendir starfsmenn til starfa sumar og haust. Þar munar mestu um fólk sem reður sig tímabundið í ferðaþjónustu og sauðfjárlátrun yfir sumartímann og fram á haust. Þetta blutfall erlendra starfsmanna í Þingeyjarsýslum virðist ekki vera hærra en gengur og gerist annars staðar á Íslandi í dag.

Stórhert verðlags- eftirlit stéttarfélaganna



Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík fylgist vel með verðlagsþróun í verslunum á svæðinu enda mikilvægt að halda niðri vöruverði sem er stór hluti af útgjöldum heimilanna. Jónína Hermannsdóttir starfsmaður stéttarfélaganna er hér að gera könnun í versluninni Úrval á Húsavík.

Til að tryggja að lækkanir á tollum og virðisaukaskatti á matvöru 1. mars nk. skili sér til neytenda hefur Alþýðusamband Íslands undanfarið staðið fyrir virku verðlagseftirliti. Eftirlitið hefur staðið frá því seint á síðasta ári og mun standa fram á mitt þetta ár þegar lækkunin hefur komið til framkvæmda. Verkefninu er sinnt um allt land og í Þingeyjarsýslum sér

starfsfólk Skrifstofu stéttarfélaganna um eftirlitið. Jónína Hermannsdóttir hefur nú tvisvar þrætt matvöruverslanir á svæðinu og skráð skilmerkilega niður verð á helstu mat- og nauðsynjavörum og mun halda því áfram eitthvað fram eftir ári. Að verkinu loknu verður svo hægt að sjá hvort lækkanirnar séu ekki örugglega að skila sér í rétta vasa, þ.e. til neytenda.



Styrkir VHN til náms og námskeiða hækkaðir

Fræðslusjóðurinn Landsmennt sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis og Verkalýðsfélag Þórshafnar eru aðilar að hefur ákveðið að hækka hámarksupphæð einstaklingsstyrkja úr kr. 44.000,- í kr. 50.000,- frá og með 1. janúar 2007. Rétt er að taka fram að aldrei er greitt meira en sem nemur 75% af námskostnaði. Þá hækkar viðmiðunargjald félagsgjalda til að fá fullan rétt úr kr. 13.300,- í kr. 14.800,-. Aðrar styrkupphæðir haldast óbreyttar, þ.e. styrkir til aukinna ökuréttinda verða áfram kr. 81.000,- og tómstundastyrkir verða áfram kr. 15.000,- eða 50% af kostnaði.



Nú stendur yfir endurmat á starfsmati sveitarfélaga og er töluverð vinna framundan hjá Skrifstofu stéttarfélaganna og forsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu að yfirfara hvort starfsmönnum sé rétt raðað samkvæmt starfsmati. Guðrún og Gísli hjá Skútustaðabrepp blyða á belstu upplýsingarnar um endurmatsferlið og bugmyndir stéttarfélaganna um frambaldið.

Starfsmat sveitarfélaga - endurmat -

Þessa dagana er unnið að endurmati á starfsmati sveitarfélaga en það er tæki sem notað er af sveitarfélögum til að raða störfum í launaflokka eftir umfangi og ábyrgð. Nú er búið að vinna mat á flestum störfum hjá sveitarfélögum á Íslandi en til að tryggja að allt sé rétt þarf að fara yfir störfin til að tryggja að þau séu rétt metin. Starfsmenn stéttarfélaganna hafa fundað með fulltrúum sveitarfélaga á svæðinu til að skipuleggja verkefnið en því þarf að vera lokið eigi síðar en 15. maí á þessu ári. Þetta endurmat felur í sér

að starfsfólk sveitarfélaganna gefst tækifæri til að skoða hvaða þættir liggja á bak við starfið sem það er að sinna og að skoða hvort þessir þættir séu rétt metnir.

Um umfangsmikið verk er að ræða og því brýnt að allir leggi sitt á vogarskálarnar til að unnt verði að ljúka verkinu fyrir tilskilinn tíma.

Starfsmenn sveitarfélaga sem eru félagsmenn í Verkalýðfélagi Húsavíkur og nágrennis og Starfsmannafélags Húsavíkur munu fá bréf með næsta launaseðli þar sem málið verður kynnt frekar.



Endurmatið snertir flesta starfsmenn sveitarfélaga. Þessar myndir eru teknar úr nokkrum beimsóknum fulltrúa stéttarfélaganna á vinnustaði í Suður-Þingeyjarsýslu í síðustu viku.

Námsstyrkir til starfsmanna sveitarfélaga

Íslenskunámskeið halda áfram



Starfsmenn sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum sem aðild eiga að Verkalýðsfélagi Þórsbafnar og Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis eiga nú aðild að öflugum fræðslusjóði sem fengið hefur nafnið Sveitamennt. Hér er formaður VHN að ræða við nokkra félagsmenn sem starfa í Grunnskóla Skútustaðabrepps um þeirra málefni s.s. starfsmenntun og starfsmat fyrir nokkrum dögum.

Aðild Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis að Fræðslusjóðnum Sveitamennt sem hóf starfsemi um síðustu áramót tryggir félagsmönnum sem starfa hjá sveitarfélögum á svæðinu góða styrki til starfsmenntunar, hvort heldur sem þeir sækja námskeið eða framhaldsnám enda séu þeir greiddur til Verkalýðsfélagsins þegar námið fer fram. Styrkur til hvers félagsmanns skal samantlagð aldrei vera hærri en kr. 60.000 á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda þar sem veittur er sérstakur styrkur. Hlutfall styrks af heildarkostnaði fer að öllu jöfnu eftir samhengi starfs viðkomandi og þess náms sem sótt er um styrk til ásamt því að taka tillit til aðkomu þess sveitarfélags sem félagsmaður starfar hjá. Við það mat skal hafa eftirfarandi til grundvallar:

- Þegar um er að ræða nám sem félagsmaður ákveður að taka að eigin frumkvæði og er í beinu samhengi við starf viðkomandi er sjóðnum heimilt að styrkja viðkomandi um allt að 90% af kostnaði við námið.
- Ef um er að ræða almennt og viðurkennt nám sem leggja má til grundvallar undir annað starfstengt nám s.s. nám við öldungadeild eða


viðurkennda fræðslustofnun (tungumálanám, tölvunám eða annað almennt nám) er sjóðnum heimilt að styrkja viðkomandi um allt að 75% af kostnaði við námið.

- Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna aukinna ökuréttinda að upphæð kr. 81.000.- Hver félagsmaður getur einungis fengið slíkan styrk einu sinni.
- Veittir eru einstaklingsstyrkir vegna frístunda-/tómstundanámskeiða og er endurgreiðsla vegna þeirra 50% af kostnaði en aldrei hærri en kr. 15.000.- á ári og dregst jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks.

Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 og greitt til Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis á þeim tíma á rétt á stuðningi til náms. Félagsgjöld að upphæð kr. 14.800 eða meira jafngilda 100% starfshlutfalli, miðað við síðustu 12 mánuði. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum. Styrkir eru greiddir út eftir að námi/námskeiði er lokið. Sveitamennt er fræðslusjóður flestra aðildarfélagas Starfsgreinasambands Íslands og sveitarfélaga sem aðild eiga að kjarasamningi aðila.

Fulltrúar frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis og Þekkingarsetri Þingeyinga hafa undanfarið undirbúið íslenskunámskeið fyrir útlendinga. Ákveðið var að fara af stað með tvö 30 stunda íslenskunámskeið á næstu vikum, bæði fyrir byrjendur og eins fyrir þá sem eru lengra komnir. Þá var ákveðið að bjóða einnig upp á

Landnemaskóla fyrir útlendinga sem er alls 120 stundir. Reiknað er með að námskeiðin verði þátttakendum að kostnaðarlausu þar sem Menntamálaráðuneytið, Fræðslusjóðurinn Landsmennt og Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins greiða að mestu kostnaðinn við námskeiðahaldið.



Þessar myndir eru teknar í versluninni Úrval á Húsavík og sýna starfsmenn við störf. Þeir eru, Laufey Marta, Salóme og Hólmfríður.



Heiðrún Dóra Harðardóttir var eini Íslendingurinn á námskeiðinu og tók brosandí á móti viðurkenningu í lok námskeiðsins.

Fiskvinnslufólk útskrifast á Húsavík

Í byrjun janúar stóð Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis fyrir 40 stunda fiskvinnslunámskeiði í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki á svæðinu, það er Vísir, GPG-Fiskverkun og Laugafisk. Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar skipulagði námskeiðið með heimamönnum og kostaði að mestu námskeiðahaldið. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eiga starfsmenn í fiskvinnslu rétt á námskeiðinu á fyrsta starfsári og fá að því búna launahækkun. Eftirfarandi þættir voru teknir fyrir á námskeiðinu: Fiskvinnslan og gæðastjórnun, innra eftirlit, fjölmenning, hreinlæti og gerla-

gróður, sjálfstyrking, samstarf og samskipti á vinnustöðum, öryggismál, skyndihjálp, líkamsbeiting, atvinnulífið og launakerfin. Þátttakendur á námskeiðinu voru 23, þar af 22 erlendir starfsmenn sem er veruleg umskipti frá því sem var fyrir nokkrum árum þegar nær eingöngu Íslendingar sóttu námskeiðið sem haldið er nánast árlega á félagssvæði Verkalýðsfélagsins. Á undanförnum misserum hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað verulega á svæðinu og því þarf þessi þróun ekki að koma á óvart. Við námskeiðsslitin kom fram almenn ánægja með námskeiðið sem starfsmenn efuðust ekki um að



Nú er ljóst að breytingar verða á formennsku í Verkalýðsfélagi Þórshafnar á næsta aðalfundi. Kristín Kristjánsdóttir sem verið hefur formaður síðustu árin gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Í bennar stað er gerð tillaga um Kristinn Lárusson sem formann. Kristinn hefur verið varaformaður í formannstíð Kristínar. Þau bafa alla tíð umnið mjög vel saman og byggt upp öflugt og gott félag. Aðalfundurinn verður baldinn eftir nokkrar vikur.

Auglýsing

um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2007-2008 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar.

Aðalstjórn:

1. Kristinn Lárusson formaður
2. Kristín Kristjánsdóttir varaformaður
3. Hulda I.Einarsdóttir ritari
4. Sigríður Jónsdóttir gjaldkeri
5. Sígús Kristjánsson meðstjórnandi

Vinnustaður:

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Dvalarheimilið Naust
Leikskólinn Barnaból
Geir PH 150

Til vara:

6. Svala Sævarsdóttir
7. Kristín Alfreðsdóttir
8. Þórður Úlfarsson
9. Þórarinn Þórisson
10. Guðrún Þorleifsdóttir

B.J.vinnuvélar
Húsmóðir
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Bílstjóri
Samkaup

Sjúkrasjóður:

1. Kristinn Lárusson
2. Líney Sigurðardóttir
3. Svala Sævarsdóttir

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Bókasafn Langesbygðar
B.J.vinnuvélar

Til vara:

4. Axel Gunnarsson
5. Kristín Kristjánsdóttir

Samskip/Landflutningar
Verkalýðsfélag Þórshafnar

Trúnaðarráð:

(stjórn, varastjórn, 5 menn og 5 til vara)

1. Dóra Leósdóttir
2. Kristín Óladóttir
3. Svanur Snæþórsson
4. Albert Sigurðarson
5. Björg Þóroddsdóttir

Húsmóðir
Grunnskólinn á Þórshöfn
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Áhaldahús Langesbyggð
Dvalarheimilið Naust

Til vara:

6. Almar Marinósson
7. Sigurborg Hulda Sigurðardóttir
8. Lilja Ólafsdóttir
9. Margrét Nielsdóttir
10. Hrafnhildur Þorleifsdóttir

Trésmiðjan Brú.
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir
Húsmóðir
Sparisjóður Þórshafnar

Kjörstjórn:

1. Halldór Alfreðsson
2. Dagbjört Aradóttir

Júpiter PH 363
Skrifstofa Langesbyggð

Til vara:

3. Aðalbjörg Jónasdóttir
4. Niels Þóroddsson

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Orlofssjóður:

Stjórn Verkalýðsfélagsins hverju sinni.

Félagskjörnir endurskoðendur:

1. Jóhanna Helgadóttir
2. Elfa Benediktsdóttir

SJ bókhaldspjónusta ehf.
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Til vara:

3. Sólveig Óladóttir

SJ bókhaldspjónusta ehf.

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingartillögum um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu eða þá einstaka stjórn. Breytingartillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 15 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 25 fullgildra félagsmanna. Gefin er frestur til 15. febrúar a.m.k. til að skila inn nýjum tillögum. Þeim skal skilað til skrifstofu félagsins á Þórshöfn. Allar tillögur sem berast skulu merktar eftir stafrófsröð í þeirri röð sem þær berast inn. Á tímabilinu 16. febrúar til 28. febrúar skal kjörstjórn félagsins efna til allsherjaratkvæðagreiðslu og eða póstatkvæðagreiðslu samkvæmt lögum ASÍ þar að lútandi komi fram aðrar tillögur frá félagsmönnum fyrir 15. febrúar 2007.

Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Þórshafnar

Starfsmenn Laugafisks fengu óvæntan áramóta glaðning



Starfsmenn Laugafisks í Reykjadal fengu óvæntan glaðning um áramótin vegna góðrar afkomu fyrirtækisins.

Um áramótin fengu starfsmenn Laugafisks í Reykjadal glaðning frá fyrirtækinu. Þá ákvað fyrirtækið vegna góðrar afkomu að greiða hverjum og einum starfsmanni kaupauka að fjárhæð kr. 125.000,- miðað við fullt starf og hlutfallslega m.v. starfshlutfall. Trúnaðarmaður starfsmanna, Guðný Grímsdóttir,

segir starfsmenn almennt hafa verið mjög ánægðir með þennan óvænta kaupauka. Þess má geta að Laugafiskur er í eigu Brims hf. Það verður ekki annað sagt um þessa ákvörðun en að hún sé til fyrirmyndar og mættu önnur fyrirtæki sem eru í góðum rekstri taka hana sér til fyrirmyndar.

Mjög góð þátttaka í jólaleik stéttarfélaganna



Fjölmargir skiluðu inn lausn á krossgátu sem var í jólablaði stéttarfélaganna. Alls voru 5 heppnir einstaklingar dregnir út sem reyndust vera á öllum aldri. Allir fengu veglega vinninga og hlaut María Halldórsdóttir fyrstu verðlaun,

Ólafía Helga hlaut önnur verðlaun og Sunna Torfadóttir þriðju verðlaun. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum voru verðlaunahafarnir á öllum aldri. Svava Árnadóttir stjórnarmaður í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis afhenti Maríu verðlaunin.

1. verðlaun: *María Halldórsdóttir Ásgötu 18, Raufarhöfn*
2. verðlaun: *Ólafía Helga Jónasdóttir Uppsálavegi 33, Húsavík*
3. verðlaun: *Sunna Torfadóttir Baughól 40, Húsavík*
4. verðlaun: *Sólveig Sveinbjörnsdóttir Brúarási, Þórshöfn*
5. verðlaun: *Guðný Buch Einarssstöðum, Reykjahv.*



Stefán Hallgrímsson var kjörinn varaformaður Sjómannadeildar VHN og Björn Viðar í varastjórn. Jakob G. Hjaltalín var endurkjörinn formaður deildarinnar.

Jakob og Stefán leiða sjómenn

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis var haldinn í lok síðast árs. Hér koma nokkrir punktar úr skýrslu stjórnar.

Sjómannadeildin nær nú frá Húsavík til Raufarhafnar eftir sam-einingu félagsins við Verkalýðsfélag Öxarfjarðar. Alls eru 90 sjómenn skráðir í deildina, það er starfandi sjómenn og þeir sjómenn sem hætt hafa sjómennsku vegna aldurs. Þrátt fyrir að félagssvæðið hafi stækkað á síðustu árum hefur sjómönnum í deildinni ekki fjölgað. Þar kemur til að stærri útgerðum hefur fækkað verulega á svæðinu og í haust hvarf síðasta stóra útgerðin frá Húsavík til Hafnar í Hornafirði. Í skýrslunni kom fram að þetta væru slæm tíðindi því þar með fækkaði störfum sjómanna á Húsavík. Hins vegar væri fjölgun í útgerð smábáta frá Húsavík sem væri jákvætt á móti. Ekki síst vegna þessarar þróunar hefði deildin farið

þess á leit við Sjómannasambandið að gengið yrði frá kjarasamningi við Landssamband smábátæigenda þar sem ekki er í gildi kjarasamningur milli aðila. Formaður sagði góða tenginu vera milli stjórnar deildarinnar og aðalstjórnar VHN um málefni sjómanna. Síðasta sumar óskuðu hásetar af varðskipi eftir inngöngu í Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis. Ekki var hægt að verða við ósk sjómanna þar sem Verkalýðsfélagið hefur því miður ekki kjarasamning við Landhelgisgæsluna. 25. þing Sjómannasambandsins var haldið í nóvember og voru mörg mál á dagskrá þingsins sem tæpt var á í skýrslunni. Eftir líflegar umræður á fundinum var gengið frá kjöri stjórnar deildarinnar fyrir næsta starfsár. Kosningu hlutu: Jakob G. Hjaltalín formaður, Stefán Hallgrímsson varaformaður, Matthías Sigurðsson ritari og í varastjórn voru kjörnir Björn Viðar og Haukur Hauksson.



Sigurjón Sigurðsson er ágætis tónlistarmaður og söngmaður góður og á fast stæði í Karlaakórnum Hreimi. Hann er auk þess lærður búasmiður og starfar við það hjá Norðurvík á Húsavík. Hér er kallinn að skipta um loftplötur í búi einu á Húsavík. Sigurjón er félagsmaður í Þingið, félagi iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum

• MOLAR

Staðgreiðsla 2007

Breytingar urðu um áramót á staðgreiðslu, persónuafslætti og tryggingagjaldi.

Skattlutfall staðgreiðslu lækkaði um 1% og er 35,72% frá 1. janúar. Persónuafsláttur hækkar í kr. 32.150 á mánuði og tryggingagjald hefur lækkað í 5,34%.

Þessar breytingar hafa það í för með sér að skattfrjálsar tekjur eru nú 90 þúsund krónur á mánuði í stað 78 þúsunda áður.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is

Lágmarkslaun 2007

Lágmarkstekjur fyrir 18 ára og eldri í fullu starfi eftir fjóra mánuði samfelldt hjá sama fyrirtæki skulu vera samkvæmt kjarasamningum kr. 125.000 á mánuði frá 1. janúar 2007.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Stéttarfélagin hafa til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið per. miða er kr. 600,-

• MOLAR

Góður afsláttur fyrir félagsmenn hjá Frumherja

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis er með samning við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skyldu-skoðun ökutækja á þeirra vegum. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Afsláttur þessi nær einnig til félagsmanna þeirra félaga sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá vottorð um að þeir séu fullgildir félagsmenn

Launahækkanir um áramót

Laun hækkuðu almennt um 2,9% 1. janúar 2007 hjá öllum félagsmönnum sem eru á almenna markaðnum eða starfa hjá ríkisstofnunum. Laun starfsmanna sveitarfélaga hækkuðu hins vegar um 3% 1. janúar 2007.

Vetraropnun Skrifstofunnar

Skrifstofa stéttarfélaganna er opin alla virka daga milli 8:00 og 17:00. Opið er í hádeginu.

HB og VHN undirrita stofnanasamning



Frá undirritun stofnanasamningsins. Þar sem Friðinnur var að láta af störfum sem framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga þakkaði Aðalsteinn bonum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum um leið og bann óskaði bonum velfarnaðar í nýju starfi. Með þeim á myndinni eru Regina Sigurðardóttir frá HB og Sesselja Fornadóttir trúnaðarmaður starfsmanna. Auk Sesselju komu aðrir trúnaðarmenn starfsmanna að samningagerðinni, þær Krístrún Sigtryggsdóttir og Ásrún Ásgeirsdóttir.

Rétt fyrir jólin undirrituðu fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis nýjan stofnanasamning sem tryggir starfsmönnum betri laun. Helstu breytingar samningsins eru, að nú verða sér launaflokkahækkanir fyrir starfsaldur annars vegar og nám/námskeið hins vegar. Þá verða festar í sessi hækkanir sem starfs-

menn fengu á síðasta ári sem nema allt að 5 launaflokkum. Hækkun sem nemur 1,2% og átti að koma til framkvæmda samkvæmt kjarasamningnum 1. maí 2007 kemur þess í stað til framkvæmda 1. janúar 2007. Með þessum breytingum hafa kjör starfsmanna verið bætt umtalsvert frá því sem var, sem starfsmenn eiga svo sannarlega skilið.

Atvinnuhúsnæði til leigu!

Stéttarfélagin auglýsa til leigu 64m² húsnæði

í suðurenda Garðarsbrautar 26.

Húsnæðið hentar mjög vel undir allskonar starfsemi.

Áhugasamir hafi samband við

Aðalstein Á. Baldursson
á Skrifstofu stéttarfélaganna



Ert þú búin(n) að gera upp félagsgjaldið fyrir árið 2006?

- Ert þú að tapa réttindum -

Rétt er að benda þeim félagsmönnum á sem eru á vinnumarkaði og ekki hafa náð að greiða lágmarksgjald til stéttarfélaganna fyrir árið 2006 að gera það fyrir 15. febrúar 2007 ætli þeir að viðhalda réttindum í félögunum.

Lágmarksgjaldið er kr. 7.000,-. Félagsmenn þurfa sjálfir að passa upp á að þeir hafi náð að greiða lágmarksgjaldið þar sem ekki eru sendir út giróseðlar fyrir því sem upp á vantar að félagsgjaldið hafi verið gert upp.

Vinsæl í Evrópu

Daglega fer fjöldi gesta inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.vh.is samkvæmt forriti sem fylgist með heimsóknum á síðuna. Þar má m.a. sjá hvaðan gestirnir koma úr heiminum auk annarra upplýsinga.

Ekki er nóg með að Íslendingar séu duglegir að heimsækja síðuna því að eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er fólk frá Spáni,

Ítalíu, Svíþjóð, Austurríki, Danmörku, Þýskalandi, Frakklandi og Póllandi að heimsækja síðuna. Þá er greinilegt að heimasíðan er búin að ná föttestu í Póllandi því þaðan koma heimsóknir daglega. Þá má geta þess að heimasíðan er mjög virk og væntanlega virkasta heimasíða stéttarfélags á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Þingeyingar eru jú alltaf bestir!



Heimasíða stéttarfélaganna er orðin vinsæl víða í Evrópu eins og sjá má á meðfylgjandi korti sem sýnir heimsóknir frá borgum í Póllandi, auk Ítalíu, Spánar, Austurríkis, Frakklands, Danmerkur, Svíþjóðar og Þýskalands.

Agnes Einarsdóttir útskrifast



Útskriftarnemar ásamt fulltrúum Háskólans á Akureyri og Félagsmálaskóla alþýðu. Agnes Einarsdóttir er lengst til hægri. Ef vel er gáð má einnig sjá aðra Þingeyinga á myndinni, sem útskrifuðust um leið og Agnes en af öðrum brautum.

Í síðustu viku fyrir jól útskrifuðust sjö talsmenn stéttarféлага úr rekstrar- og stjórnunarnámi sem Félagsmálaskóli Alþýðu stendur fyrir í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Agnes Einarsdóttir, sem er í trún-aðarmannaræði Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis var ein af útskriftarnemum og er hún sú þriðja af svæðinu sem útskrifast úr náminu en Ágúst Óskarsson og Jónína Hermannsdóttir útskrifuðust sl. vor.

Námið er fjórar annir, þrjú námskeið á önn alls 18 einingar, hvert námskeið er 1,5 eining sem samanstendur af fyrirlestrum og einstaklingsverkefnum.

Námið er aðallega kennt í gegnum myndfundabúnað sem staðsettur er í þekkingarmiðstöð Þingeyinga. Öll verkefnaskil og próftaka fara fram í gegnum netið.

Sem stendur er Snæbjörn Sigurðarson, starfsmaður Skrifstofu stéttarfélaganna í náminu sem er opið öllum starfs-, stjórnar- og trún-aðarmönnum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Námið er þeim að kostnaðarlausu. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér námið frekar eru hvattir til að hafa samband við skrifstofuna í síma 464-6600 eða í gegnum tölvupóst: snabbi@vh.is.

Gleði hjá nýbúum við skólaslit



Nemendur ásamt kennurum og aðstandendum námskeiðsins.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur í vetur í samstarfi við þekkingarsetur Þingeyinga staðið fyrir námi fyrir erlenda starfsmenn sem hingað hafa ráðið sig til starfa. Um er að ræða svokallaðan Landnemaskóla sem tekur 120 stundir. Skólanum var slitið í desember og var mikil gleði ríkjandi við athöfnina. Nemendur fengu viðurkenningskjöl og svöruðu fyrir sig með því að færa kennurum og aðstandendum skólans gjafir. Þann-

ig vildu þeir með táknrænum hætti koma á framfæri ánægju sinni með námskeiðið. Námið er miðað við þarfir erlendra starfsmanna og er frítt fyrir félagsmenn stéttarfélaganna þar sem Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins kostaði námskeiðið að mestu. Námsþættirnir skiptast þannig: Íslenska kst. 58, Samfélagsfræði kst. 20, Tölvur kst. 15, Færnimappa kst. 15, Sjálfstyrking og samskipti kst. 10, Námsmat kst. 2. Samtals kennslustundir 120.

357 atvinnulausir á Norðurlandi eystra

Í lok desember voru 357 atvinnulausir á Norðurlandi eystra. Þar af voru 223 atvinnulausir á Akureyri. Á félagssvæði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum voru 71 atvinnulausir. Þar af 27 karlar og 44 konur. Í Þingeyjarsýslum voru flestir atvinnulausir í Norðurlandinu

eða 31. Hlutfallslega er atvinnuleysið þó mest í Langanesbyggð eða 21 og hjá Skútustaðahrepp þar sem 13 voru atvinnulausir. Á heildina litið er atvinnuástandið gott á svæðinu þrátt fyrir að það mætti vera betra á ákveðnum svæðum.



Ferðahjónustuaðilar Yngvi Ragnar Kristjánsson og Ásdís Erla Jóhannesdóttir koma bér upp úr Dimmuborgum þegar leikskólabörn úr Þingeyjarsýslum voru á ferð í desember. Þau hafa með dugnaði og atorku byggt upp öflugan ferðahjónustu í Mývatnssveit sem byggir m.a. á jólasveinaverkefni í Dimmuborgum sem vakið hefur mikla athygli ekki síst erlendis.



Starfsmenn Riföss í Keldubverfi eru bér að blóðga og gera að laxi úti á miðju Lóninu.

Fjölmenni í jólakaffi stéttarfélaganna



Þann 16. desember voru stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum með opið hús og buðu gestum og gangandi upp á kaffiveitingar, tertur, konfekt, söng og tónlist. Vel á fjórða hundrað manns litu við og þáðu veitingar í boði stéttarfélaganna. Þá fengu þeir sem vildu dagatöl og minnisbækur. Stéttarfélögin þakka öllum þeim sem litu við fyrir komuna og þeim listamönnum sem komu fram. Að venju fylgja hér með myndir frá jólaboði stéttarfélaganna sem segja allt sem þarf.





Frábær ferð í Dimmuborgir

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum buðu börnum á leikskólaaldri í jólalandið í Mývatnssveit um miðjan desember. Um 110 börn og fullorðir fóru í ferðina sem gekk í alla staði mjög vel. Börnin komu úr flestum leikskólum á félagssvæði stéttarfélaganna eða allt frá Kópaskeri til Stórutjarna. Almenn ánægja var með ferðina hjá börnunum, starfs-

mönnum leikskólanna og forsvarsmönnum ferðarinnar. Stéttarfélagin þakka öllum sem komu að því að gera ferðina sem ánægjulegasta fyrir þeirra framlag, sérstaklega þó Jónu Matt, Rúnari Óskarssyni, starfsmönnum leikskólanna og Sel- Hótel Mývatn. Með fréttinni eru myndir sem teknar voru í ferðinni.



VHN gerir athuga- semdir við kjara- og öryggismál sjómanna



Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur ábyggjur af kjörum og tryggingum sjómanna á smábátum. Félagið hefur skorað á Sjómannasambandið og Landssamband smábátaeigenda að ganga frá kjarasamningi þegar í stað.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur með bréfi til Sjómannasambands Íslands og Landssambands smábátaeigenda gert alvarlegar athugasemdir við að ekki sé til kjarasamningur milli aðila. Það gerir það að verkum að launþegar á smábátum búa ekki við sömu kjör og öryggi og sjómenn sem starfa á bátum fyrir ofan 12 tonn. Þá eru sjómenn á smábátum

ekki tryggðir með sama hætti og sjómenn sem aðild eiga að kjarasamningi. Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis lítur þetta mál mjög alvarlegum augum og hefur margítrekað skorað á forystu sjómanna og smábátaeigenda að ganga þegar í stað frá kjarasamningi milli aðila til að eyða þeirri óvissu sem sjómennirnir búa við.



Tölvunámskeið í boði - gott námskeið fyrir þig -

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á tölvunámskeið fyrir byrjendur sem nutu mikilla vinsælda síðasta vetur. Þátttakendum verður kennt að nota tölvuna, netið og ritvinnsluna. Námskeiðin hefjast í byrjun febrúar og kennt verður síðdegis. Kennsla fer fram á Húsavík og á þeim svæðum þar sem næg þátttaka

verður. Síðast var kennt á Húsavík og Raufarhöfn. Um er að ræða 6 tíma námskeið sem er ókeypis fyrir félagsmenn. Kennari verður Óskar Birgisson. Skráningar á námskeiðin eru á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600 og standa til 31. janúar. Námskeiðin eru haldin í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga.

Allt á fullu hjá Vísi á Húsavík

Jöfn og góð vinna hefur undanfarið verið hjá Vísi á Húsavík og hefur komið til þess að þurft hafi að vinna á laugardögum líka. Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis fór einn laugardagsmorgun í janúar í heimsókn til starfsmanna og eru myndirnar sem fylgja með þessari frétt teknar við það tækifæri. Að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins á Húsavík er ekki annað að sjá en að mikið verði að gera hjá fyrirtækinu á komandi vikum en þar starfa um 40 manns.

manna og eru myndirnar sem fylgja með þessari frétt teknar við það tækifæri. Að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins á Húsavík er ekki annað að sjá en að mikið verði að gera hjá fyrirtækinu á komandi vikum en þar starfa um 40 manns.





**Hefur þú
skoðað
heimasíðu
stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum
www.vh.is**

www.vh.is - Fréttir og fróðleikur alla daga

SPARAÐU MEÐ DEBETKORTINU

Þú kaupir	Þú borgar	Í sparnað
3.030 KR.	3.500 KR.	470 KR.

EIGÐU AFGANGINN er nýjung sem getur þér kleift að leggja fyrir í hvert skipti sem þú borgar með debetkort Glitnir. Þú veður að haddka upphæðina sem þú kaupir fyrir upp í næstu 100, 500 eða 1.000 kr. og efnumurinn leggst sjálfstær inn á sparifélagið að þínu vali. Það hefur aldrei verið eins einfalt að safna peningum!

EIGÐU AFGANGINN | www.glitnir.is

GLITNIR

Fáðu nánari upplýsingar um **EIGÐU AFGANGINN** hjá ráðgjöfum í næsta útibúi, í þjónustuveri í síma 440 4000 eða á www.glitnir.is.

